



Til:
-HSK og USVS
-íþrótt- og ungmennafélaga og deilda þeirra

Reykjavík, 29. janúar 2019

Efni: GDPR - ný persónuverndarlög, kynning og námskeið

Ágætu félagar!

Eins og ykkur er kunnugt um þá hefur ný persónuverndarlöggjöf (GDPR) tekið gildi á Íslandi. Með tilkomu hennar eru lagðar nýjar skyldur og kröfur á félagasamtök og fyrirtæki og er íþróttahreyfingin ekki þar undanskilin. Gerð er krafa um að öll sérsambönd, íþróttahéruð og aðildarfélög haldi skrá (vinnsluskrá) um alla vinnslu persónuupplýsinga innan viðkomandi einingar og einnig þarf að vinna áhættumat og úrbótaáætlun, ef nauðsyn er talin. Gerð er krafa um að allir ábyrgðaraðilar setji sér gilda Persónuverndarstefnu eða fræðslu til einstaklinga með öðru móti, sem unnið er eftir.

ÍSí hefur, í samstarfi við Advania Advice, unnið að gerð vinnsluskráa fyrir vinnslu persónugreinanlegra upplýsinga hjá ÍSí og gerð úrbótaáætlunar, ásamt því að útbúa Persónuverndarstefnu ÍSí. Má ætla að sú vinna sem unnin hefur verið hjá ÍSí muni nýtast öllum íþróttahéruðum og félögum. Ákveðið hefur verið að fara af stað með kynningu og vinnu á nokkrum stöðum á landinu til að aðstoða sambandsaðila ÍSí við að koma þessari vinnu á gott spor. Ráðgjafi frá Advania Advice, Anna Þórdís Rafnsdóttir, mun stýra fundunum með aðstoð Elíasar Atlasonar verkefnastjóra hjá ÍSí.

Boðað er til fundar fyrir ofangreind íþróttahéruð 04. febrúar kl. 17.00 til 19.00 í SELINU Engjavegi 48 Selfossi

- Dagskrá fundar.
 - Kynning á GDPR – glærुकynning
 - Skoða skjalið „Ferli - vinnsluskrá og úrbótaskrá“
 - Fara yfir form og leiðbeiningarskjöl tengd verkefninu
 - Skoða „Form – Persónuverndarstefna“
 - Farið í það hvernig vinnsluskrá er unninn skjal „Form - Vinnsluskrá 2018 fyrir íþróttafélög“

Skráning á fundinn er í gegnum heimasíðu ÍSí á eftirfarandi vefslóð: <http://www.isi.is/fraedsla/gdpr-skraning-a-namskeid/>.

Það er afar mikilvægt að hefja þessa vinnu sem allra fyrst og að hver ábyrgðaraðili nái yfirsýn yfir vinnslu persónuupplýsinga í starfseminni. Oft eru lausnirnar ekki ýkja flóknar og felast jafnvel einungis í breyttu verklagi og setningu og viðhaldi ferla. Það þarf hins vegar að tryggja að farið sé í þessa vinnu og að allir geri sér grein fyrir því að það er áriðandi að fylgja málinu eftir og halda því lifandi, til framtíðar.

Ekki er gerð krafa um að þátttakendur hafi með sér tölvubúnað.

ÍSí hvetur ofangreind íþróttahéruð og félög innan þeirra vébanda að nýta sé þennan upplýsingafund.

Eftirfarandi eru vefslóðir á gagnlegar upplýsingar um nýju lögina á heimasíðu Persónuverndar, sem gott væri fyrir sem flesta að kynna sér vel:

<https://www.personuvernd.is/ny-personuverndarloggjof-2018/>

<https://www.personuvernd.is/fyrirtaeki-og-stjornsysla/fraedsluefni/baeklingur-fyrirtaeki-og-stofnanir>

<https://www.personuvernd.is/einstaklingar/fraedsluefni/baeklingur-personuvernd-barna>

<https://www.personuvernd.is/einstaklingar/fraedsluefni/baeklingur-einkamal-ungmenna>

Tengiliður verkefnis er Elías Atlason á skrifstofu ÍSí.

Sími á skrifstofu er 514 4000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið elias@isi.is

Með íþróttakveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

